

KJÓSUM
GOTT LÍF



Samtök
iðnaðarins

Kjósum gott líf – hvers vegna?

Öflugt, fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf er forsenda góðra lífshjara.

Samkeppnishæfni íslensks iðnaðar ræðst að miklu leyti af þeirri umgjörð sem stjórnvöld skapa. Í aðdraganda þingkosninga vilja Samtök iðnaðarins leggja sitt af mörkum til umræðunnar.

1.400 fyrirtæki og sjálfstæðir atvinnurekendur mynda SI sem eru stærstu samtök atvinnurekenda á Íslandi. Við viljum að frambjóðendur allra flokka setji atvinnulífið og málefni SI á oddinn.

Við viljum eiga gott samstarf við stjórnvöld að kosningum loknum og væntum þess að þau séu reiðubúin að hlusta. Mestu máli skiptir að ákvarðanir nýrra stjórnvalda leiði til framfara á Íslandi bæði fyrir fólk og fyrirtæki.

SEX MÁLEFNI SI

1. EFNAHAGSLEGUR STÖÐUGLEIKI – nauðsynlegur sjálfbærum vexti

Rekstur fyrirtækja og heimila þrífst best við stöðugleika í verðlagi og gengi. Íslenskt efnahagslíf hefur löngum verið þjakað af verðbólgu og gengissveiflum sem getur verulega dregið úr samkeppnishæfni landsins.

Við viljum...

- ✓ ...peningastefnu sem þjónar þörfum atvinnulífs og heimila
- ✓ ...mun lægri vexti með auknum stöðugleika og agaðri hagstjórn
- ✓ ...einfaldara og gagnsærra regluverk
- ✓ ...að dregið sé úr íþyngjandi sköttum á fólk og fyrirtæki

2. HÚSNÆÐI – grunnþörf yngri og eldri kynslóða

Öruggt húsnæði er grunnþörf allra, bæði yngri og eldri kynslóða. Frá árinu 2009 hefur fjöldi fullgerðra íbúða verið langt undir þörf markaðarins. Skortur er á ýmsum tegundum húsnæðis og þá sérstaklega á litlum ódýrum íbúðum.

Við viljum...

- ✓ ...skapa hvata til bygginga ódýrari íbúða í takt við þarfir fólks með breytingum á mannvirkjalögum
- ✓ ...að endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna viðhalds húsnæðis sé hækkuð aftur í 100% til að draga úr svartri atvinnustarfsemi og framkvæmd hennar einfölduð
- ✓ ...einfaldara og skilvirkara eftirlit með byggingarleyfishöfum sem stuðlar að auknum gæðum og framleiðni
- ✓ ...samstillt átak í öflun og birtingu gagna um byggingastarfsemi því betri gögn leiða til betri ákvarðana

3. MENNTUN – forsenda bættra lífskjara og aukinnar framleiðni

Menntun og þekking fólks á öllum sviðum er forsenda aukinnar framleiðni, velferðar og verðmætasköpunar. Menntun leiðir ávallt til framþróunar. Atvinnurekendur vilja axla ábyrgð þegar kemur að menntamálum og því þarf að tryggja formlega aðkomu atvinnulífsins að stefnumótun, skilgreiningarvinnu og inntaki starfsnáms. Öflugt menntakerfi er fjárfesting til framtíðar.

Við viljum...

- ✓ ...að 25-30% grunnskólanemenda velji iðn-, verk- og tækninám og að unnið sé markvisst að því að það nám verði metið til jafns við bóknám
- ✓ ...vinna að stofnun fagháskóla og hækka hlutfall nemenda sem velja raunvísinda- og tæknigreinar á háskólastigi
- ✓ ...menntastefnu í takt við framtíðarþarfir atvinnulífsins og samfélagsins og virkt samstarf við ráðuneyti menntamála, öll skólastig og hagsmunaaðila í menntamálum
- ✓ ...aukna áherslu á öllum skólastigum á raunvísindi, tækni og skapandi greinar

4. SAMGÖNGUR OG INNVIÐIR – lífæð heilbrigðs samfélags

Samgöngur og góðir innviðir eru lífæð heilbrigðs samfélags. Þrátt fyrir myndarlegan hagvöxt síðustu ára er fjárfesting í landinu enn of lítil. Innviðafjárfestingar styðja við alla aðra uppbyggingu og veikleikar í innviðum geta auðveldlega takmarkað uppbyggingu í öðrum greinum.

Við viljum...

- ✓ ...að yfir 60 milljarða króna uppsafnaðri þörf á fjárfestingum í vegakerfinu sé mætt
- ✓ ...fjölbreyttari möguleika á fjármögnun brýnna innviðaf framkvæmda
- ✓ ...áherslu á samstarf einkaaðila og opinberra aðila
- ✓ ...skýra langtímasýn á uppbyggingu innviða og samgöngukerfa

5. ORKA OG UMHVERFI – fjölbreyttur iðnaður í sátt við umhverfið

Loftslagið hlýnar og betri umgengni við umhverfið eru verkefni sem við verðum að takast á hendur. Iðnaðurinn er þar í lykilhlutverki, tilbúinn með lausnir og hugmyndir. Fyrirtæki eru í lykilstöðu til að bæta nýtingu auðlinda og minnka sóun. Með því að styrkja uppbyggingu fyrirtækja á þessu sviði má leggja stóðir undir sterka atvinnugrein sem fylgir grænni tækni.

Við viljum...

- ✓ ...aukna samkeppni og samkeppnishæfni á raforkumarkaði
- ✓ ...að að Ísland nái markmiðum í umhverfis- og loftslagsmálum með virkri þátttöku atvinnulífsins
- ✓ ...að stjórnvöld styðji við vöxt fyrirtækja sem bjóða tæknilausnir í umhverfis- og loftslagsmálum og við græna tækni
- ✓ ...aukna endurvinnslu úrgangsefna og nýtingu endurnýjanlegrar orku í samgöngum með því að beisla hugvit og þekkingu fyrirtækja og einstaklinga

6. NÝSKÖPUN - drifkraftur verðmætasköpunar og gjaldeyristekna

Nýsköpun er drifkraftur verðmætasköpunar og gjaldeyrisöflunar fyrir land og þjóð. Nýsköpun styrkir alla framþróun og því er mikilvægt að unnið sé stöðugt að fjölbreyttri nýsköpun í öllum atvinnugreinum. Íslenskt hugvit er óþrjótandi auðlind.

Við viljum...


- ✓ ...að Ísland sé góður kostur fyrir fólk og fyrirtæki í nýsköpun í sem flestum starfsgreinum
- ✓ ...að Ísland verði meðal fimm samkeppnishæfustu landa þegar kemur að nýsköpun
- ✓ ...að stjórnvöld hvetji til nýsköpunar fyrirtækja í ólíkum greinum og á alþjóðlegum vettvangi
- ✓ ...að hugvitið sé nýtt til að skapa betri lausnir í heilbrigðis-, mennta-, orku- og umhverfismálum með aukin lífsgæði að leiðarljósi - xhugvit.is

Hvað skiptir kjósendur máli?

KÖNNUN

Könnun meðal kjósenda 18-75 ára af öllu landinu

Hversu miklu eða litlu máli þér finnst skipta að stjórnmaflokkar leggi áherslu á eftirfarandi málefni í kjölfar kosninganna í haust?




Stefnuáherslur SI voru máttaðar við áherslur almennings.
Könnun framkvæmd af Maskínu. 903 svarendur.

Fyrsta val kjósenda

	Skiptir mestu máli		Skiptir næst-mestu máli		Skiptir þriðja mestu máli		Heildarmat*	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	%	
Heilbrigðismál	465	60,7	164	24,0	38	6,9	39,5	39,5%
Húsnæðismál	81	10,5	184	27,0	128	23,1	18,1	18,1%
Stöðugleiki í efnahagslífinu	147	19,2	112	16,3	100	18,1	18,1	18,1%
Menntamál	26	3,3	133	19,5	137	24,8	12,3	12,3%
Samgöngumál	25	3,2	56	8,2	92	16,7	7,1	7,1%
Orku- og umhverfismál	12	1,5	24	3,5	40	7,3	3,2	3,2%
Nýsköpun	11	1,4	11	1,6	17	3,0	1,7	1,7%
Gild svör	766	100,0	683	100,0	552	100,0	100,0	

Hvaða flokk myndir þú kjósa...

	Gild svor	Helbrigðismál	Háknæðismál	Stöðugleiki í efnahagslífinu	Annað
Greining á því sem skipti mestu máli	Fjöldi	%	%	%	%
Allir	766	60,7	10,5	19,2	9,5
Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*					
Bjarta framtíð	19	70,9	0,0	3,5	25,6
Framsóknarflokkinn	35	43,0	20,6	26,1	10,3
Pírata	131	67,4	17,3	3,4	12,0
Samfylkinguna	60	67,3	11,2	8,8	12,6
Sjálfstæðisflokkinn	122	36,6	12,2	44,7	6,6
Viðreisn	57	65,2	7,1	25,7	2,1
Vinstrihreyfinguna - grænt framboð	75	73,4	5,4	12,5	8,7
Veit ekki	169	63,8	6,2	20,9	9,1



*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi (p<0,05).

Kjósendur

- ✓ Menntamál skipta konur áberandi meira máli en karla. Aldur, kjördæmi og tekjur skipta ekki máli. Þeim mun hærra sem menntastig svarenda er þeim mun meiri áherslu leggja kjósendur á menntamál.
- ✓ Framsóknarmenn og Sjálfstæðismenn hafa áberandi minni áhuga á menntamálum en t.d. vinstri menn.
- ✓ Nýsköpun er sá málaflokkur sem fæstir nefna að skipti miklu máli. Nýsköpun skiptir meira máli á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Tekjuhærri hafa meiri áhuga á nýsköpun en Sjálfstæðismenn hafa minnstan áhuga allra á nýsköpun.
- ✓ Húsnæðismál eru ofarlega á baugi, sérstaklega hjá yngra fólki og þeim sem hafa lægri tekjur. Heilt yfir er lítill munur á bakgrunnsbreytum.
- ✓ Sjálfstæðismenn og stuðningsmenn Viðreisnar nefna síður húsnæðismál en allir aðrir hafa mikinn áhuga.

Kjósendur

- ✓ Heilbrigðismál eru ofarlega í huga allra, sérstaklega kvenna og þeirra sem hafa lægri laun. Yngra fólkið og elsta fólkið nefna þetta helst.
- ✓ Stöðugleiki í efnahagslífinu er mikilvægur, síst hjá þeim sem yngri eru en mest hjá þeim sem elstir eru.
- ✓ Píratar, VG og Samfylking nefna síst stöðugleika.
- ✓ Orku- og umhverfismál skora hærra hjá konum og þeim sem hafa mesta menntun.
- ✓ Einhleypur karlmaður á landsbyggðinni með grunnskólapróf og kýs Framsóknarflokkinn er ekki að spá í umhverfis- og orkumál.
- ✓ Áberandi að yngra fólk spáir minna í samgöngumál.

erke... se
á við.

STÖÐUGLEIKI

Langpreyttur
kjósandi óskar
eftir raunsæjum
og úrræðagóðum
frambjóðanda
með stöðugleika til
langs tíma í huga.
Verðbólga og gengis-
sveiflur illa séðar.

Upplýst ákvörðun í
kjörklefanum skiptir máli.
Allt um stefnu
Samtaka iðnaðarins á si.is.
KJÓSUM GOTT LÍF

fyrirtækja og heimila
stöðugleika



Samtök
iðnaðarins

staklega um íbúðum.

MENNTUN

Húsmiður á sjötugsaldri lýsir eftir frambjóðendum sem vilja efla iðnmenntun á næstu árum svo hann geti farið á eftirlaun með góðri samvisku.

Upplýst ákvörðun í kjörklefanum skiptir máli.

Allt um stefnu Samtaka iðnaðarins á si.is.

KJÓSUM GOTT LÍF

er grunnþörf fyrir fjöldi



Samtök
iðnaðarins

NÝSKÖPUN

Frumkvöðull með fjörugt ímyndunarafl leitar að stjórn mála- flokki sem hefur áhuga á nýsköpun.
Hann getur útvegað hugmyndirnar ef einhver vill styðja við þær.

Upplýst ákvörðun í kjörklefanum skiptir máli.

Allt um stefnu Samtaka iðnaðarins á si.is.

KJÓSUM GOTT LÍF

viðafjárfe



Samtök
iðnaðarins

HÚSNÆÐI

Kjósandi með ung börn og áhuga á framtíðinni óskar eftir frambjóðanda með raunsæjar og áhrifaríkar hugmyndir í húsnæðismálum.

Upplýst ákvörðun í kjörklefanum skiptir máli.

Allt um stefnu Samtaka iðnaðarins á si.is.
KJÓSUM GOTT LÍF

Upplagt húsnæði er grunnþörf. Frá árinu 2009 hefur



Samtök
iðnaðarins